

Árangursstjórnunarsamningur  
milli  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis  
og  
Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands  
2014-2018

---



ATVINNUEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

### **1. Tilgangur samningsins**

Tilgangur árangursstjórnunarsamninga er að stuðla að því að ríkisstofnanir beiti sér fyrir framförum í þeim málafnum sem þær sinna og þjónusta og rekstur stofnana sé árangursdrifin.

Árangursstjórnunarsamningur endurspeglar forgangsriðun og sameiginlegar áherslur er varða helstu verkefni stofnunar. Hann á að vera samstarfs- og samskiptagrundvöllur ráðuneytis og stofnunar og fjalla um gagnkvæmar skyldur og ábyrgð. Samningurinn breytir ekki ábyrgð ráðherra á rekstri stofnunar gagnvart Alþingi, pólitískri ábyrgð ráðherra gagnvart borgurum eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Samningurinn á að lýsa hlutverki stofnunar, helstu verkefnum, meginmarkmiðum og áherslum samningsaðila. Samningurinn er þannig fyrst og fremst rammi utan um samskipti ráðuneytis og stofnunar.

### **2. Hlutverk**

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er skilgreint í lögum nr. 75 frá 2007. Þar kemur m.a. fram að miðstöðin skuli „styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu“.

Í þessu felst að:

- Miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki
- Stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir

### **3. Markmið, framtíðarsýn og áherslur í faglegu starfi**

Markmið endurskoðunar á verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að bregðast við þörfum samfélagsins fyrir *eflingu nýsköpunar í þágu atvinnulífsins og bættu almenna velferð*. Nýjar vörur og ný þjónusta þekkingarfyrirtækja eru afrakstur rannsókna og nýsköpunar. Nýsköpunarmiðstöð verður áfram kyndilberi hagnýtra rannsókna í þágu íslenskra fyrirtækja og mun í því skyni leggja áherslu á frekari sókn í alþjóðleg samstarfsverkefni. Tekið er tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa frá 2008 sem annars vegar lýsa sér í verri afkomu og minnkandi getu fyrirtækja til nýsköpunar og þróunar og hinsvegar í aukinni þörf á að greiða götu frumkvöðla og sprotafyrirtækja sem lagt geta grunn að nýrri sókn í atvinnusköpun.

*Framtíðasýn* hefur verið skilgreind á grundvelli þessa markmiðs.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands:

- Styður faglega við frumkvöðla, fyrirtæki og íslenskt atvinnulíf.
- Er eftirsóttur og farsæll samstarfsaðili fyrirtækja og háskóla vegna yfirburðarþekkingar á völdum sérsviðum.
- Starfrækir sterkar rannsóknareiningar í samvinnu við Íslenskt atvinnulíf og háskóla með aðkomu framsækinnna alþjóðlegra fyrirtækja og stofnana ásamt virkri þátttöku í klasasamstarfi.
- Þróar, mótar og starfrækir framúrskarandi stuðningsverkefni og þjónustu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki, með öflugum alþjóðatengslum og með rekstri frumkvöðlasetra og tæknigarða í samvinnu við valda aðila um allt land.
- Hefur í öndvegi áherslur um samfélagslega ábyrgð.
- Er eftirsóttur vinnustaður sem byggir á vel menntuðu og metnaðarfullu starfsfólki með sérfræðiþekkingu sem skapar gott orðspor.

*Áherslur* Nýsköpunarmiðstöðvar á samningstímanum eru á eftirfarandi kjarnasvið:

- Rannsóknir, þróun og tækni.
- Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki.
- Samfélagsleg ábyrgð og bætt lífsgæði í landinu.

#### 4. Sérstök markmið og áherslur í starfi stofnunar

Nýjar áherslur munu birtast í eftirfarandi verkefnum:

##### 4.1. Áherslur í rannsóknum verða á eftirfarandi meginverkefni:

- 4.1.1. Öndvegissetur<sup>1</sup> í steinsteypu og umhverfisverkfræði verður þróað áfram með áherslu á umhverfsvæna steinsteypu, seigju-/flotfræði, efnarannsóknir og nýsköpun tengda eiginleikum steinsteypu. Áhersla verður einnig á hönnunarkröfur steinsteypu og verkefni á sviði umhverfisverkfræði.

##### *Mat á árangri:*

- Samningur verður gerður á árinu 2014 við Low Carbon Concrete Center í Kína um kaup og nýtingu á rannsóknarniðurstöðum Nýsköpunarmiðstöðvar. Með þessu mun stofnunin auka sölu ráðgjafar og þjónustu.
- Á árinu 2016 verður tilbúinn svokallaður „Eco-pack of concrete“ sem settur verður í steypubíla til að minnka kolefnisfótspor steinsteypu um allt að helming, og bæta efniseiginleika hennar, endingu og líftíma. Tilgangurinn er að hefja framleiðslu „Eco-pack“ steypublöndu á Íslandi sem er ný vara sem vonir standa til að ná fótfestu á alþjóðlegum mörkuðum og skapi ný störf á Íslandi. Til þess að þetta geti orðið þarf Nýsköpunarmiðstöð að hlutast til um stofnun efnisbirgja á Íslandi, (þökkunarmiðstöð).

Öndvegissetur lághitaorku verður sett upp á samningstímanum í samvinnu við hagsmunaaðila. Því er ætlað að spara útgjöld hins opinbera til niðurgreiðslna húshitunar á köldum svæðum, stuðla að betri nýtingu lágvarma til uppbyggingar í atvinnulífinu og lágmarka sóun auðlinda. Eitt fyrsta verkefni Öndvegissseturs lághita er verkefnið „Íslandsvarmi“ sem unnið verður í samvinnu við Jarðhitaklasann og mun leiða til a.m.k. tveggja „varmadæluvæddra“ sveitarfélaga. .

##### *Mat á árangri:*

- Nýsköpunarmiðstöð mun taka þátt í stofnun fyrirtækisins „Íslandsvarma“ sem sem hvetur til varmadæluvæðingar byggðarlaga á köldum svæðum á Íslandi. Með þessu nýtir miðstöðin sérfræðiþekkingu sína til hagsbóta fyrir sveitarfélög og raforkunotendur á köldum svæðum.
- Tvö bæjarfélög verði búin varmadælukerfi fyrir árslok 2016.

---

<sup>1</sup> Öndvegissetur vísar til rannsóknar, þróunar og nýsköpunarstarfsemi á tilteknu fræðasviði sem er leiðandi á landsvísu og hefur náð alþjóðlegri viðurkenningu (*Strategic Center of Excellence*).



„Framtíðarhúsið“ er nýtt áherslusvið um betri orkunýtingu, gæði innivistar og byggingarannsóknair á norðlægum slóðum.

*Mat á árangri:*

- Fagráð NMÍ-HÍ-HR mun hefja eitt rannsóknar- og samstarfsverkefni þessara aðila á sviði mannvirkjarannsókna.
- Fab Lab / E-Lab, starfræn smiðja og rafeindasmiðja í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti mun þróa a.m.k. tvö tæki til notkunar í „Framtíðarhúsinu“ fyrir árslok 2016.
- Stefnt er að því að ljúka þremur til fimm rannsóknarverkefnum árlega á sviði mannvirkjagerðar.

#### 4.2. Breytingar í þjónusturannsóknum:

- 4.2.1. Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun draga sig út af samkeppnismarkaði. Hún mun því ekki að stunda þjónusturannsóknir á sviðum þar sem tveir eða fleiri innlendir aðilar eru fyrir á markaði. Þannig verður dregið enn frekar úr vottunum, prófunum og annarri þjónustu sem einkafyrirtæki hafa með höndum. Áhersla NMÍ verður á verkefni sem ekki hafa enn komist á samkeppnisstig.

*Mat á árangri:*

- Nýsköpunarmiðstöð mun smám saman draga úr þjónustu á sviðum þar sem tveir eða fleiri innlendir aðilar eru fyrir á markaði.
- Skoðun á framtíðarfyrirkomulagi vottana verði lokið á árinu 2014. Huga þarf að skyldum þeirra stjórnvalda sem ábyrgð bera á málaflokknum.

#### 4.3. Áherslur í stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki:

- 4.3.1. Skapandi greinar verða sérstakt áhersluefni á tímabilinu. Stefnt er að opnun Seturs skapandi greina við Hlemm. Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja fjárfestatengsl skapandi greina og að auka faglega aðstoð við markaðssetningu erlendis. Mikilvægt er að styrkja rekstrargrunvöll frumkvöðlasetra í rekstri Nýsköpunarmiðstöðvar og efla faglegt starf innan fjárheimilda stofnunarinnar.

*Mat á árangri:*

- Í apríl 2014 mun liggja fyrir greining á núverandi þörf fyrir frumkvöðlasetur Nýsköpunarmiðstöðvar og þjónustu við frumkvöðla á setrunum.
- Í júní 2014 verður tilbúin áætlun um rekstur frumkvöðlasetra til næstu 3ja ára. Í áætluninni kemur fram sérhæfing frumkvöðlasetra Nýsköpunarmiðstöðvar og forgangsröðun verkefna sem boðin verður aðstaða á frumkvöðlasetrum.
- Í upphafi árs 2015 verður tilbúin þjónustuáætlun fyrir öll fyrirtæki/frumkvöðla á frumkvöðlasetrum Nýsköpunarmiðstöðvar. Í þjónustuáætlun verður lögð sérstök áhersla á alþjóðavæðingu, markaðsstarf og fjármögnun hraðvaxtarfyrirtækja. Markmið verða sett um árangur fyrirtækja á frumkvöðlasetrum og taka þeir til þátta eins og vaxtar, veltu, markaðsárangri o.s.frv.
- Frumkvöðlasetur skapandi greina við Hlemm verður komið í fulla starfsemi árið 2014.

- 4.3.2. Tilvísunarkerfi verður komið á fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Um er að ræða svokallað „voucherkerfi“ á vinnuframlag sérfræðinga og aðgengi að tækjakosti Nýsköpunarmiðstöðvar.

*Mat á árangri:*

- Á árinu 2014 verða þróaðar stuðningsleiðir fyrir frumkvöðla og fyrirtæki, svokallað „ávísanakerfi“. Boðinn verður stuðningur og þjónusta fyrir verkefni sem fela í sér mikla nýjung og kalla á nýja þekkingu. Þróaðir verða stuðningsferlar fyrir verkefni sem eru atvinnuskapandi og ekki í samkeppni og byggja á þekktum lausnum. Stuðningsleiðirnar byggja áávísanakerfi sem gefur kost á sérfræðiaðstoð og aðgengi að tækjakosti miðstöðvarinnar.
- Árangur verkefnisins verður m.a. metinn út frá þátttöku fyrirtækja í Startup Energy á þriðja ársfjórðungi 2014. Einnig fjölda þátttökufyrirtækja og árangur þeirra í þróunarstarfi.
- Aðgerðir til stuðnings nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum um land allt verði skoðaðar sérstaklega. Unnið verður stöðumat og greining á viðfangsefninu og tillögur um aðgerðir mótaðar.

- 4.3.3. Í þágu þróunarstarfs, tæknilæsis og skapandi náms á öllum skólastigum verður ný FabLab smiðja opnuð í Reykjavík.

*Mat á árangri:*

- Fab Lab í Reykjavík hefur verið stofnað og opnaði það í janúar 2014.
- Á árinu verður sett upp áætlun um staðsetningu, hlutverk og fjölda Fab Lab smiðja á landinu. Einnig verður unnin þróunaráætlun fyrir kennsluþróun í verknámi og tæknilæsi sem nýtir möguleika Fab Lab smiðja til skapandi náms í samstarfi við framhaldsskóla á starfssvæðum sínum.
- Nýsköpunarmiðstöð mun vinna með Fjölbrotarskólanum í Breiðholti að nýrri námsbraut um raftækni / upplýsingatækni (E-Lab).

- 4.3.4. Nýsköpunarmiðstöð verður miðstöð þekkingar á sviði uppbyggingar, stjórnunar og reksturs klasasamstarfs. Áætlun um stuðning stofnunarinnar við klasasamstarf liggja fyrir ekki síðar en í desember 2014.

*Mat á árangri*

- Nýsköpunarmiðstöð styður við frumkvæði fyrirtækja á völdum sviðum klasasamstarfs landinu öllu. Á tímabilinu 2014 – 2018 verður unnið að uppbyggingu tveggja stærri klasaverkefna þar sem samstarf verður haft við fyrirtæki, sveitarfélög, háskóla, rannsóknarstofnanir og aðra hagsmunaaðila.
- Á árinu 2014 verður áhersla Nýsköpunarmiðstöðvar á klasasamstarf á sviðum heilbrigðistækni og skapandi greina.
- Jarðhitaklasinn mun leiða til stofnunar a.m.k. fimm fyrirtækja á þriðja ársfjórðungi 2014.
- Nýsköpunarmiðstöð mun taka þátt í vinnu sem snýr að klasaáætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

- 4.3.5. Skilvirkara stuðningsumhverfi verður forgangsverkefni í samvinnu við atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti.
- 4.3.6. Unnið verður að einföldun regluverks og rekstrarumhverfis fyrirtækja og frumkvöðla með því að greina helstu tækifæri til úrbóta í samstarfi við fyrirtæki. Tillögur að umbótum verða tilbúnar fyrir mitt ár 2014.

*Mat á árangri:*

- Nýsköpunarmiðstöð mun vinna að einföldun rekstrarumhverfis fyrirtækja og frumkvöðla með því að greina helstu tækifæri til úrbóta í samstarfi við fyrirtæki. Tillögur að umbótum verða tilbúnar fyrir lok árs 2014.
  - Unnið verðum með opinberum aðilum einfaldara þjónustuviðmóti og rafrænum lausnum. Sameiginleg þjónustugátt verður tilbúin fyrir árslok 2015
- 4.3.7. Útrás tækni og þekkingar íslenskra fyrirtækja og rannsóknaraðila verði eflað með aðgerðum sem stuðla að aukinni sókn þeirra í alþjóðlega samkeppnissjóði.

*Mat á árangri:*

- Nýsköpunarmiðstöð mun verða virk í að miðla og stofna til stuðningsverkefna undir nýrri samkeppnisáætlun Evrópusambandsins COSME, (Competitiveness of Small and Medium Enterprises). Fyrirtæki verði studd enn frekar í sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði í samstarfi við Rannís. Unnið verði reglulegt mat fjölda fyrirtækja sem nýta sér þjónustu og ná árangri, heildarupphæð styrkja til Íslenskra fyrirtækja.

#### 4.4. Samfélagsleg ábyrgð og lífsgæði.

- 4.4.1. Sjálfbærni og virðing gagnvart umhverfi og auðlindum verður höfð að leiðarljósi í öllum verkefnum.

*Mat á árangri:*

- Stofnun auðlindagarðs á Reykjanesi í samráði við Jarðhitaklasann og Start-up-Energy fyrir þriðja ársfjórðung 2014.
- Fyrir 2016 verður komið á fyrstu rannsóknarstofu á Íslandi sem nær að skapa aðstæður djúpra jarðhitaborhola (autoklafi). Tilgangurinn er að efla þekkingu á jarðhitavökvum og vinnslu verðmætra efna úr honum. Markmið verkefnisins er að auka efnahagslegan ávinning af fullnýtingu jarðhitavökva sem leggur grunn að frekari atvinnustarfsemi sem byggir á þekkingu á efnisfræði og efnaferlum.



Tafla 1: Tímasett áætlun um framvindu og árangur

4. Verkefni	2014				2015				2016				2017			
	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
<b>4.1. Áherslur í rannsóknnum</b>																
<b>4.1.1. Öndvegissetur í steinsteypu og umhverfisverkfærði</b>																
Stofnað Low Carbon Concrete Center í Kína																
Eco-pack concrete tilbúið																
<b>4.1.2. Öndvegissetur í gíthitaorku</b>																
Félag stofnað um verkefnið "Íslandsvarma"																
Tvö bæjarfélög búin varmadælakerfi																
<b>4.1.3. Framtíðarhúsið</b>																
Samstverkefni NMI-HI-HR hafið á sv. mannv. rannsóknna																
FabLab/E-Lab þróað tvö tæki til notkunar í Framtíðarhúsi																
3-5 rannsóknarverkefnum lokið á sviðum mannvirkjagerðar																
<b>4.2. Breytingar í þjónusturannsóknnum</b>																
Þjónusta lögð niður þar sem tveir eða fl. eru fyrir á markaði																
Skoðun á framtíðarvirkjum og vottana lokið																
<b>4.3. Áhersla í stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki</b>																
<b>4.3.1. Setur skipandi greina</b>																
Setur skipandi greina komið í fulla starfsemi																
Þjónustugreining frumkvöðla setra																
Endurskoðuð rekstraráætlun frumkvöðla setra / sérhæfing																
Þjónustuáætlun frumkvöðla setra																
<b>4.3.2. Stuðningsverkefni byggt á ávísanakerfi / Voucher</b>																
<b>4.3.3. Fab Lab Reykjavík hefur starfsemi</b>																
Áætlun um FabLab Ísland - staðsetning hlutverk og fjöldi																
Þróunaráætlun fyrir kennsluþróun í verknámi og tæknilæsi																
Ný námsbraut í raftækni / upplýsingatækni - E-Lab																
<b>4.3.4. Þekkingarmiðstöð klasasamstarfs</b>																
Áhersla á klasa í heilbrigðis tækni og skipandi greinum																
Fimm fyrirtæki stofnuð í tengslum við Jarðhitaklasa																
Þátttaka í klasaáætlun atvinnuvega- og nýskráðuneytis																
<b>4.3.5. Skilvirkara stuðningsumhverfi</b>																
<b>4.3.6. Samkeppnishæfni; nýsköpun; atvinnuþróun</b>																
<b>4.3.7. Einföldun rekstrarumhverfis</b>																
<b>4.3.8. Sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði eflid</b>																
<b>4.4. Samfélagsleg ábyrgð og lífsgæði</b>																
<b>4.4.1. Stofnun auðliðagæðs á Reykjanesi m. Startup-Energy</b>																
Rannsóknastofna dýpra Jarðhitaborhola (autoklafi)																

## 5. Innri verkefni stofnunarinnar

### 5.1. Sjálfsmat stofnunar með CAF

Stofnunin skal stefna að því að nýta sér CAF sjálfsmatslíkanið til að ná bættem árangri í stjórnun og rekstri. CAF er verkfæri sem er auðvelt í notkun og getur aðstoðað opinberar stofnanir til þess að nýta aðferðir gæðastjórnunar í því skyni að bæta árangur. Líkanið hefur verið notað í þrenns konar tilgangi,

1. sem stjórnæki og til að auðvelda yfirsýn yfir starfsemina,
2. sem greiningartæki til að meta þörf fyrir umbætur og
3. sem viðmiðunartæki til að bera saman árangur við stofnanir sem skara fram úr.

### 5.2. Samstarf við aðrar stofnanir

Stefnt skal að víðtækara samstarfi við Byggðastofnun, Ferðamálastofu, Hönnunarmiðstöð og Íslandsstofu atvinnuþróunarfélög og fleiri aðila úr stuðningsumhverfinu með það að leiðarljósi að bæta og straumlínulaga stuðning við atvinnulífið og koma í veg fyrir skörun. Sérstaklega skal hugað að þeim aðgerðum sem fram koma í Stefnu Vísinda- og tækniráðs, Nýsköpunar- og atvinnustefnu og Hönnunarstefnu.

### 5.3. Rekstrarlegar áherslur

Stofnunin skuldbindur sig til að hún verði rekin á sem hagkvæmasta hátt og innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar eru hverju sinni. Stofnunin skal leita leiða til að hagræða í rekstri með bættem skipulagi, áætlanagerð og skilvirku upplýsingaflæði; til að minnka skuldir og skapa aukið svigrúm fyrir umbótaverkefni. Stefnt skal að því að auka ábyrgð faglegra millistjórnenda á áætlanagerð og eftirfylgni vegna verkefna í vinnslu.

### 5.4. Starfsmannastefna, vinnustaðamenning og endurmenntun

Starfsmannastefna Nýsköpunarmiðstöðvar var tekin til endurskoðunar og samþykkt á árinu 2013. Stefnan gildir til ársins 2018 og er aðgengileg á innri vef stofnunarinnar. Stofnunin skal miða að því að hafa ávallt á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki með menntun og þekkingu sem gerir stofnunni kleift að taka sjálfstæðar og óháðar ákvarðanir. Áhersla skal lögð á samvinnu deilda og miða að því að bæta almennt vinnustaðamenningu með reglulegum starfsmannafundum og ráðstefnum.

### 5.5. Jafnréttisstefna

Ný og endurskoðuð jafnréttisáætlun Nýsköpunarmiðstöðvar tók gildi á árinu 2013 og gildir til 2018 eins og stefna miðstöðvarinnar. Nýsköpunarmiðstöð Íslands leggur höfuðáherslu á jafnrétti og að hver starfsmaður sé metinn að verðleikum út frá hæfni, reynslu og menntun. Tryggja skal að allt starfsfólk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eigi jafna möguleika til starfa, starfsþróunar, starfsframa, ábyrgðar og launa og að þess sé gætt að starfsfólk sæti ekki áreitnis eða mismununar á grundvelli kynferðis, þjóðernis, lífsháttar, litarháttar eða kynhneigðar.

Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er fordæmd. Skilgreining og viðbragðsáætlun gagnvart einelti er skilgreind sérstaklega.



Með jafnréttisstefnu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands að grundvelli er jafnréttisáætlun uppfærð með reglulegu millibili. Jafnréttisáætlun kveður á um aðgerðir á sviði jafnréttismála, ásamt því að tilgreina tímaramma og hver ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni hverrar aðgerðar.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands vinnur eftir jafnréttisáætlun. Þar eru fjögur áhersluatriði sem unnið er að:

- Launa- og kjarajafnrétti
- Laus störf, starfsauglýsingar og stöðuveitingar
- Starfsþjálfun og endurmenntun
- Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Jafnréttisfulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er eftirlitsaðili með framkvæmd jafnréttisáætlana Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Jafnréttisfulltrúi er einnig formlegur tengiliður starfsmanna við starfsmannaráð og framkvæmdaaðila á sviði jafnréttis.

## 5.6. Rafræn stjórnsýsla

Stofnunin skal leitast við að nýta tækni við miðlun upplýsinga og við veitingu þjónustu og greiða fyrir aðgangi að gögnum og upplýsingum stofnunarinnar.

Rafræn stjórnsýsla hefur það yfirmarkmið að veita einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum góða, skilvirka og hagkvæma þjónustu með aðstoð upplýsingatækni. Undir rafræna stjórnsýslu fellur meðal annars eftirfarandi:

1. Rafræn meðferð og afgreiðsla mála í stjórnsýslunni.
2. Aðgengi að opinberum upplýsingum og þjónustu.
3. Aðkoma almennings að stefnumörkun og ákvarðanatöku opinberra aðila.

Rafræn stjórnsýsla telst mikilvægt tæki til þess meðal annars að ná markmiðum um bætt aðgengi að stjórnsýslunni og þjónustu hennar, lækkaðan kostnað við að sækja og veita þjónustuna og aukin gæði þjónustunnar. Sjá nánar á [www.ut.is](http://www.ut.is).

## 5.7. Erlent samstarf

Nýsköpunarmiðstöð Íslands leggur áherslu á að vera burðarás í alþjóðlegu samstarfi um rannsókn- og þróunarverkefni sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, enda eru nýjar afurðir, þjónusta og ný fyrirtæki meginafrakstur rannsóknarstarfsemi. Sókn í alþjóðleg rannsókn- og þróunarverkefni verður eflað enn frekar í samstarfi við fyrirtæki. Lögð verður áhersla á að styðja fyrirtæki til sóknar í erlenda samkeppnissjóði með námskeiðum og leiðsögn í góðri samvinnu við Rannís.

Alþjóðlegt samstarf byggir á styrkleikum miðstöðvarinnar á sérhæfðum sviðum tækni- og viðskiptaþróunar, þar sem Nýsköpunarmiðstöð er eftirsóttur samstarfsaðili. Áhersla er lögð á að sækja í nýja rannsókn- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins, Horizon 2020 og COSME, en jafnframt verður sókn í aðra alþjóðlega og norræna verkefnasjóði. Öll alþjóðleg verkefni fela í sér samningsbundin árangursmarkmið, en alltaf er leitast við að hámarka árangur í þágu íslensks atvinnulífs.

## 5.8. Gagnkvæmar skyldur og ábyrgð aðila

Á samningstímanum skulu Nýsköpunarmiðstöð Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti standa skil á verkefnum sem hér segir:

Nýsköpunarmiðstöð skal:

- Í þessum samningi eru lögð drög að langtímaáætlun til fjögurra ára þar sem fjallað er um verkefni sem lögð er sérstök áhersla á í samráði við ráðuneytið. Áætlunin er á engan hátt tæmandi lýsing á verkefnum og starfssviði Nýsköpunarmiðstöðvar.
- Fyrir 15. nóvember ár hvert skal stofnunin skila ráðuneytinu drög að ársáætlun fyrir næsta ár sem geymi bæði tiltekin mælanleg markmið innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar, svo og rekstraráætlun. Í febrúarbyrjun ár hvert skal stofnunin skila endurskoðaðri rekstraráætlun (um leið og endanlegt uppgjör fyrra árs liggur fyrir).
- Fyrir 15. desember ár hvert kynna ráðuneytinu á fundi helstu áherslur í ársáætlun (í samræmi við rekstraráætlun) næsta árs.
- Í febrúarmánuði ár hvert skal stofnunin leggja mat sitt á lagabreytingar, stjórnvaldsfyrirmæli og önnur atriði sem haft geta áhrif á útgjaldaliði og gera ráðuneytinu skil á fjárlagatillögum sem taka mið af þeim breytingum.
- Fyrir lok apríl ár hvert skal stofnunin skila ráðuneytinu ársskýrslu vegna starfsseminnar á liðnu ári, þar sem gerður er samanburður á árangri og markmiðum. Stofnunin skal kynna ráðuneytinu ársskýrslu sína.
- Fyrir sjá dags skal stofnunin senda ráðuneytinu endurskoðaða starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun. Upplýsingar skulu jafnframt birtar á vef stofnunarinnar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti skal:

- Leiðbeina stofnuninni um forsendur vegna stefnumörkunar og vekja athygli stofnunarinnar á laga- og reglugerðarbreytingum er varða rekstur hennar.
- Taka innan 30 daga, eftir að því er send áætlun, taka afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem þar koma fram og koma sjónarmiðum á framfæri við stofnun.
- Halda fundi með forstjóra og þeim starfsmönnum sem hann kallar til hverju sinni a.m.k. 4 sinnum á ári. Þar skal farið yfir mikilvægustu mál sem liggja fyrir hverju sinni sem aðilar þurfa að vinna saman að. Þá skal reglulega fara yfir þróun á starfssviði stofnunarinnar, stöðu hennar, árangur og áætlanir, t.d. í tenglum við skil á ársskýrslu stofnunarinnar.
- Gera samning við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um verkefni sem ráðuneytið felur stofnuninni sérstaklega.

## 6. Árangursmælingar

### 6.1. Mælikvarðar

Mælikvarðar á árangri verkefna eru settir fram undir hverjum lið í kafla 4. Ráðuneytið verður upplýst um framgang verkefna á árlegum samráðsfundum.

## 6.2. Huglægt mat

Stjórnendur skulu leita eftir áliti starfsfólks á starfsemi stofnunarinnar a.m.k. einu sinni á ári á almennum starfsmannafundi. Til viðmiðunar verði m.a. tekið tillit til umtals og umfjöllunar um starfsemi stofnunarinnar meðal almennings og viðskiptavina svo og í fjölmiðlum. Fylgst verði með stöðu stofnunarinnar í könnuninni „Stofnun ársins“, en hún gefur góða mynd af starfsumhverfi stofnunarinnar og starfsánægju og veitir upplýsingar um það sem má bæta og breyta.

## 7. Almenn ákvæði

Ábyrgðarmaður árangursstjórnarsamnings fyrir hönd ráðuneytisins er Sveinn Þorgrímsson á skrifstofu nýsköpunar og atvinnuþróunar varðandi eftirfylgni og endurmat samning og skrifstofa fjárlaga og árangursstjórnunar varðandi rekstrarleg atriði.


## 8. Gildistími


Samningur þessi öðlast gildi við frá 1. febrúar 2014 og gildir í fjögur ár. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningstímanum. Stefnt skal að því að vinna við endurnýjun samningsins hefjist þremur mánuðum fyrir lok samningstímans. Sé nýr samningur gerður fyrir lok samningstímans framlengist gildistíminn þar til nýr samningur öðlast gildi.

Reykjavík 26. febrúar 2014

f.h. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

f.h. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

  
Ragnheiður Elín Arnadóttir,  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

  
Þorsteinn Ingi Sigfússon  
forstjóri



# Stefna til ársins 2018

## Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Desember 2013



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

## Efnisyfirlit

Stefnumótun fylgt úr hlaði.....	2
Hlutverk samkvæmt gildandi lögum.....	3
Framtíðarsýn til ársins 2018 .....	3
Kjarnagildi.....	3
Stefna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til 2018 .....	4
Stefna á sviði rannsókna, þróunar og tækni.....	4
Stefna á sviði stuðnings við frumkvöðla og fyrirtæki .....	4
Stefna á sviði samkeppnishæfni fyrirtækja og lífsgæða – SiðVist.....	5
Eftirfylgni stefnumótunar .....	6

## Stefnumótun fylgt úr hlaði

6 ár eru liðin frá stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þjóðfélagið hefur tekið gríðarmiklum breytingum á þessum tíma og er enn í viðjum þeirra kreppu sem skall á um það bil um sama leyti og stofnunin varð til. Einn af stærstu áhrifaþáttum kreppunnar eins og Nýsköpunarmiðstöð hefur fengið að kenna á, var hrun byggingariðnaðarins. Á þessum miklu breytingatímum hefur þess verið þörf að endurskoða reksturinn í sífellu með tilliti til breyttra aðstæðna hjá viðskiptavinum miðstöðvarinnar.

Athygli okkar að samkeppnisrekstri hefur leitt til þess að Nýsköpunarmiðstöð hefur útvistað þjónustu í samkeppni við aðila sem fyrir eru á markaði, s.s. verkfræðistofur. Verkefni, á borð við plötuprófanir í byggingartækni og þjónusturannsóknir tengdar skaðlausum prófunum í málmsuðu, hafa verið lögð niður hjá miðstöðinni, auglýst og sett í hendur einkaaðila.

Í samráði við fjármálastofnanir, sveitarfélög og fleiri aðila var strax í upphafi kreppu farin sú leið að opna ný frumkvöðlasetur sem bjóða upp á aðstöðu og faglega leiðsögn við frumkvöðla og fyrirtæki. Hæstum hæðum náði þessi starfsemi 2011 þegar 8 frumkvöðlasetur störfuðu undir hatti Nýsköpunarmiðstöðvar með um 100 fyrirtæki.

Sú stefnumarkandi ákvörðun var tekin að beina sókn okkar enn frekar í erlenda samkeppnissjóði, en þó alltaf tengt fyrirtækjum í íslensku atvinnulífi.

Miðstöðin hefur mætt kröfu ríkisvaldsins um stofnun starfsstöðva á landsbyggðinni. Um fjórðungur starfsmanna tengist starfsstöðvum á landsbyggðinni. Miðstöðin hefur stutt við uppbyggingu náms á landinu öllu á sviði framhaldsmenntunar, einkum því sem tengist íslenskum iðnaði. Miðað hefur verið tekið í sérstöku samráði við MIT háskóla í Boston og settar hafa verið á laggirnar FabLab (stafrænar smiðjur) í Vestmannaeyjum, á Sauðárkróki, Ísafirði og Akranesi.

Í byggingarránsóknum hefur verið haldið áfram með áherslu á umhverfisvæna steinsteypu og miðstöðin leiðandi á heimsvísu á þeim vettvangi.

Samhliða námskeiðum um „Orkubóndann“ sem um 1000 manns hafa sótt víða af landinu hefur verið lögð áhersla á orkutækni, gerð íslensks eldsneytis, betri orkunýtingu og samvinnu við hina ýmsu aðila sem að orkumálum koma.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur um margt verið eins konar „Efnarannsóknamiðstöð Íslands“, einkum á sviði ólífrænnar efnafræði. Orkunýtingargeirinn og stóriðjan hefur sótt til Nýsköpunarmiðstöðvar faglega þekkingu á sviði mengunarrannsókna.

Samfélagsleg ábyrgð hefur orðið sífellt meira áhersluatriði í öllu starfi miðstöðvarinnar bæði hvað varðar rannsóknir og þróun sem og vinnu með fyrirtækjum og hinu opinbera.

Meðfylgjandi er mótuð stefna um starf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands næstu árin. Hún er byggð á viðtölum og greiningu með viðskiptaaðilum okkar, starfsfólki, fulltrúum stjórnvalda og ráðgjafanefnd stofnunarinnar.

*Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands*



## Hlutverk samkvæmt gildandi lögum

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er skilgreint í lögum 2007 nr. 75. Þar kemur m.a. fram að miðstöðin skuli „styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu.“

Í þessu felst að:

- Miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki
- Stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir

Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra. Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal í starfsemi sinni taka mið af stefnu Vísinda- og tækniráðs.

## Framtíðarsýn til ársins 2018

Nýsköpunarmiðstöð Íslands:

- Styður faglega við frumkvöðla, fyrirtæki og íslenskt atvinnulíf
- Hefur í öndvegi áhersluna um samfélagslega ábyrgð og vistvænar lausnir
- Er eftirsóttur og farsæll samstarfsaðili fyrirtækja og háskóla vegna yfirburðaþekkingar á völdum sérsviðum
- Starfrækir sterkar rannsóknareiningar í samvinnu við íslenskt atvinnulíf og háskóla með aðkomu framsækinna alþjóðlegra fyrirtækja og stofnana ásamt virkri þátttöku í klasastarfi
- Þróar, mótar og starfrækir framúrskarandi stuðningsverkefni og þjónustu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki, með öflugum alþjóðatengslum og með rekstri frumkvöðlasetra og tæknigarða í samvinnu við valda aðila um land allt
- Er eftirsóttur vinnustaður sem byggir á vel menntuðu og metnaðarfullu starfsfólki með sérfræðiþekkingu sem skapar gott orðspor

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og ráðuneyti hennar gera með sér árangursstjórnunarsamning til þriggja ára sem kveður á um mikilvæg áhersliverkefni í anda þessarar sýnar. Slíkur samningur felur í sér mælanleika árangurs.

## Kjarnagildi

Kjarnagildi starfseminnar er grunnur að fyrirtækjamenningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem þjónustufyrirtækis við íslenskt atvinnulíf. Kjarnagildin eru:

- **Sköpun** – við hvetjum innri og ytri viðskiptavinum til nýsköpunar og nýrra lausna í gegnum dagleg verkefni og rannsóknir
- **Samstarf** – við erum leiðandi í hvers konar samstarfi og þjónustu við frumkvöðla, fyrirtæki og háskólastofnir og hvati til framþróunar. Framfarir í þróun atvinnulífs kalla á að margir leggi sitt að mörkum og vinni saman að sameiginlegri sýn til framtíðar –

- **Samfélagsleg ábyrgð** – við skynjum breytingar í umhverfi okkar og bregðumst við með snörpum og ábyrgum hætti. Breyttar þarfir kalla oft á tíðum á breyttar áherslur hjá okkur

## Stefna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til 2018

Kjarnastarf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er á eftirfarandi sviðum:

- Rannsóknir, þróun og tækni
- Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki
- Samkeppnishæfni atvinnulífs og bætt lífsgæði í landinu

### Stefna á sviði rannsókna, þróunar og tækni

- Burðarás í alþjóðlegu og innlendu samstarfi um rannsókn- og þróunarverkefni sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni þátttakenda
- Brautryðjandi nýrra hugmynda á völdum sviðum rannsókna, þróunar og vísinda
- Leiðandi miðstöð í nýtingu og þróun á svæðisbundnum auðlindum, m.a. á sviði ferðaþjónustu, orku og iðnaðar

Nýsköpunarmiðstöð Íslands ætlar ekki að stunda þjónusturannsóknir á sviðum þar sem tveir eða fleiri innlendir aðilar eru fyrir á markaði. Þannig verður dregið enn frekar úr vottunum, prófunum og annarri þjónustu sem einkafyrirtæki hafa með höndum. Áhersla verður lögð á verkefni sem ekki hafa enn komist á samkeppnisstig („precompetitive“) en atvinnulífið kallar eftir.

### Stefna á sviði stuðnings við frumkvöðla og fyrirtæki

- Fyrsti valkostur sprotafyrirtækja um allt land sem leita eftir stuðningsþjónustu og aðstoð við fjármögnun

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur að stoðkerfi atvinnulífsins á afar breiðum grunni þar sem hún spannar allt frá því að bjóða upp á ráðgefandi leiðsögn upp í tæknilegar úrlausnir sem sérfræðingar miðstöðvarinnar koma sterklega að.

- Leiðandi aðili í rekstri og stjórnun frumkvöðlasetra sem státa af mælanlegum árangri fyrirtækja sem þar hafa aðsetur
- Stuðningsaðili við aukið tæknilæsi og þverfaglegt samstarf valinna atvinnugreina t.d. með tengslum hönnuða, tæknifyrirtækja og hugbúnaðarfyrirtækja við menntastofnanir
- Forystuhlutverk í stuðningi og uppbyggingu skapandi atvinnugreina

Í samvinnu við stoðkerfið um land allt ætlar Nýsköpunarmiðstöð Íslands að leggja áherslu á að miðla til frumkvöðla og fyrirtækja af tækniþekkingu sinni, reyndum aðferðum og alþjóðlegum tengslum.




Nýsköpunarmiðstöð Íslands ætlar að vinna að einföldun stoðkerfis með tilliti til skilvirkni, hagkvæmni og þarfa atvinnulífsins.

### Stefna á sviði samkeppnishæfni fyrirtækja og lífsgæða – SiðVist

- Miðstöð þekkingar á sviði uppbyggingar, stjórnunar og reksturs klasasamstarfs

Í öllum verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands skal sjálfbærni og virðing gagnvart umhverfi og auðlindum höfð að leiðarljósi.

## Virðisaukakeðja rannsókna og þróunar



Nýsköpunarmiðstöð hefur sérstöðu í íslenska rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarkerfinu sem markast af því að starfssvið hennar í virðisaukakeðjunni hefst á mótum grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna (þrep 2) en sviðið spannar síðan þrepin upp að þrepi númer 7 (grundvöllur myndar er sóttur til EU, NASA og Fraunhofer). Viðskiptapróun með frumkvöðlum og fyrirtækjum nær alveg upp á lokaprep í gegnum stuðningsverefni við vöru- og þjónustuþróun og markaðssetningu.



Háskólar víða um heim helga sig þrepum 1-3. Athyglisvert er að rammaáætlanir EU skilgreindu sig á fyrstu fjórum stigum. Horizon 2020 skilgreinir sig þar fyrir ofan allt að þrepi 7. Nýsköpunarmiðstöð er þannig um margt tilbúin í verkefni H2020.

## Eftirfylgni stefnumótunar

Starfsumhverfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er stöðugt að taka breytingum og er mikilvægt að starfsemi og stefna miðstöðvarinnar taki mið af því og sé í takt við það. Því er gert ráð fyrir að stefnan sé endurskoðuð árlega og árangur settur fram í ársskýrslu, meðal annars í samvinnu við ráðgjafaráð. Jafnframt skulu markmið og aðgerðir tekin fyrir ársfjórðungslega í framkvæmdaráði og árangur metinn út frá mælikvörðum sem tilteknir eru í aðgerðaáætlun NMÍ 2013-2015.